

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 28. nóvember 2024

Mál nr. S-2184/2024:

Ákærvaldið

(*Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Snorri Sturluson lögmaður*)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 18. nóvember 2024, að lokinni aðalmeðferð, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurnesjum útgefinni 5. september 2024 á hendur ákærða X, kt. 000000-0000, [...], [...].

Málið er höfðað á hendur ákærða fyrir líkamsárás, gagnvart eiginkonu sinni A, kt. 000000-0000, með því að hafa, laugardaginn 9. mars 2024, að heimili þeirra að [...], [...], hrint A endurtekið utan í skáp og slegið höfði hennar endurtekið utan í hurð og skáp. Voru afleiðingar árássar ákærða þær að A hlaut yfirborðsáverka á nefi, m.a. sár, eymsli og bólgu yfir nefi, eymsli yfir kjálkabeini og tognun og ofreynslu á kjálka.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Í málinu er þess krafist að ákærða, X, verði gert að greiða brotþola, A, miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá tjónsdegi 9. mars 2024 þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er birt en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikning, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins en til vara, komi til sakfellingar, er krafist vægustu refsingar sem lög frekast heimila. Þá er þess krafist aðallega að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi en til vara að dæmdar bætur verði verulega lægri en krafist er. Loks er þess krafist að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda ákærða samkvæmt tímaskýrslu.

II

Málavextir.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu kom brotþoli, A, á lögreglustöð að morgni laugardagsins 9. mars 2024. Hún var í miklu uppnámi, grét og átti erfitt með að tjá sig. Brotþoli skýrði lögreglumönnum frá því að eiginmaður hennar, ákærði í máli þessu, hefði beitt hana líkamlegu ofbeldi á heimili þeirra. Hann hafi kýlt og hrint brotþola og hún var með áverka á nefi eins og eftir líkamsárás. Á ljósmyndum, sem lögregla tók af brotþola, sjást áverkarnir á nefi hennar. Lögreglumenn fóru á heimili ákærða og var hann handtekinn og færður á lögreglustöð.

Brotþoli fór á [...] og gekkst undir læknisskoðun. Samkvæmt læknisvottorði var hún með mikil eymsli og bólgu yfir nefi og lítið sár á að giska einn sentimetri í þvermál. Þá voru eymsli yfir kjálkabeini beggja vegna og hreyfingar á kjálka aumar. Væg skekkja var á nefi en þar var hugsanlega um eldri áverka að ræða. Ekki var þörf á sérstakri meðferð.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu sama dag og hann var handtekinn. Ákærði sagði að brotþoli hafi byrjað að ásaka hann, hóta honum, hrækja á hann og kasta til hlutum á heimili þeirra. Ákærði sagði að þetta væri ekki í fyrsta skipti sem slíkt gerðist. Hann sagði að áverkinn á nefi brotþola væri sjálfsáverki en hún hafi slegið sjálfa sig með hring sem hún væri með á hendi. Hún hafi valdið sjálfri sér áverkanum í illsku sinni og reiði en hún sé árásargjörn. Ákærði kvaðst ekki hafa kýlt brotþola og ekki heldur hafa ýtt henni á hillu né látið hana skalla hillu. Ákærði kvaðst hvorki neyta áfengis né fíkniefna.

III

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði, X, neitar sök. Hann lýsti því að hann og brotþoli hafi verið að laga íbúð ákærða og hann hafi ætlað að greiða brotþola fyrir það. Hún hafi ekki verið sáttt við fjárhæðina sem ákærði hafi ætlað að greiða henni og viljað fara í burtu. Ákærði hafi ekki viljað láta hana hafa bíllykla og hún þá brugðist illa við, orðið reið og árásargjörn. Hún hafi m.a. kastað bolla og ýtt húsgögnum til. Ákærði kvaðst hafa reynt að róa brotþola og ýtt henni inn í herbergi. Brotþoli hafi þá snúið baki í ákærða og hann hafi tekið um mitti hennar og ýtt henni stutta vegalengd. Hún hafi ekki viljað inn í herbergi og því hafi ákærði þurft að ýta fast á hana. Brotþoli hafi verið með stóran gullhring á fingri og slegið handleggnum í andlitið á sér og við það hlotið áverka. Því hafi verið um sjálfsáverka að ræða. Ákærði kvaðst ekki hafa komið við höfuðið á brotþola og ákærði hafi hvorki hrint henni utan í skáp né slegið höfði hennar endurtekið utan í hurð og skáp. Ákærði sagði að áverkarnir, sem hann hafi verið með á höndunum, hafi líklega verið eftir vinnu hans í íbúðinni.

Vitnið, A brotþoli, sagði að vitnið og ákærði hafi verið að rífast kvöldið fyrir atvikið vegna þess að ákærði hafi verið ósáttur við að vitnið hafi komið seinna heim en ákærði. Hann hafi verið ósáttur, reiður og öskrað vegna þess að vitnið hafi ekki verið búíð að elda heitan mat og hann hafi ekki látið segjast þó vitnið hafi ítrekað beðið hann afsökunar. Ákærði hafi tekið um höfuð vitnisins með báðum höndum og skellt því fjórum eða fimm sinnum utan í skáp. Vitnið hafi lent með nef og enni á skápnunum og hrunið í gólfið við það. Vitnið hafi orðið mjög hrætt við þetta m.a. vegna þess að ákærði hafi áður hótað vitninu. Vitnið sagði að áverkarnir sem sjáist á ljósmynd, sem er meðal gagna málsins, séu eftir ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt sjálfum sér áverkann og það hafi ekkert gert við ákærða. Í kjölfar atviksins kvaðst vitnið hafa farið í Kvennaathvarfið og verið þar í tvær vikur.

Vitnið, lögreglumaður nr. [...] sagði að brotþoli hafi komið í uppnámi á lögreglustöð og hún hafi farið í skýrslutöku. Vitnið taldi að það hafi verið teknar ljósmyndir af áverkum brotþola en þeir hafi ekki verið alvarlegir. Vitnið kvaðst hafa farið á heimili ákærða og handtekið hann. Lögreglumenn hafi líklega farið inn í anddyri íbúðar ákærða

og ekkert hafi verið óeðlilegt þar. Ákærði hafi verið rólegur. Vitnið staðfesti frumskýrslu lögreglu og ljósmyndaskýrslu.

Vitnið, B læknir, kvaðst hafa skoðað brotþola. Hún hafi bæði verið með nýlegan eða ferskan áverka og eldri áverka á nefi og hafi verið um sambland þeirra að ræða. Klínísk skoðun hafi bent til nefbrots en mynd hafi síðan sýnt að um eldra brot hafi verið að ræða. Eldri áverkinn hafi verið nokkurra mánaða gamall. Vitnið sagði að hægt væri að tognna á kjálka án þess að fá áverka. Vitnið staðfesti vottorð sitt.

IV

Niðurstaða.

Ákærða er gefin að sök minniháttar líkamsárás gagnvart eiginkonu sinni en hann neitar sök.

Brotþoli kom á lögreglustöð í miklu uppnámi og skýrði frá árás ákærða gagnvart henni. Hún hefur greint frá því að ákærði hafi tekið um höfuð hennar með báðum höndum og skellt því utan í skáp fjórum eða fimm sinnum. Við það hafi brotþoli hlotið þá áverka sem sjáist á ljósmyndum sem eru meðal rannsóknargagna málsins. Þegar hún kom á lögreglustöð var hún með áverka á nefi og er þeim nánar lýst í læknisvottorði. Ekkert er fram komið sem bendir til þess að framburður brotþola sé rangur og hún sé að bera ákærða röngum sökum.

Framburður brotþola hjá lögreglu og fyrir dómi þess efnis að ákærði hafi valdið þeim áverkum sem hún var með í andliti fær stoð í læknisvottorði sem er meðal rannsóknargagna málsins. Í læknisvottorði er áverkum brotþola nánar lýst og með sama hætti og í ákæru.

Ekki þykir sannað að ákærði hafi endurtekið hrint brotþola utan í skáp eins og lýst er í ákæru. Fyrir utan það þykir hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað með vísan til ofanritaðs að ákærði hafi að öðru leyti gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru og hann hafi valdið þeim áverkum brotþola sem þar er lýst. Brot ákærða er réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæru og hefur hann unnið sér til refsingar samkvæmt því.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður sætt refsingu. Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 1. tölulið 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til þessa þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Brotapoli gerir þá kröfu að ákærði greiði henni miskabætur að höfuðstól 1.000.000 króna auk vaxta, dráttarvaxta og málskostnaðar. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir líkamsárás gagnvart brotþola og hún á því rétt á miskabótum úr hendi ákærða, sbr. b.-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Með vísan til atvika málsins þykja bætur til brotþola hæfilega ákveðnar 400.000 krónur og skal ákærði greiða brotþola þá fjárhæð auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 9. mars 2024 til 25. október 2024 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Ekki verður séð að einkaréttarkrafan hafi verið birt fyrir ákærða fyrr en við birtingu ákæru og tekur ákvörðun um dráttarvexti mið af því. Ákærði greiði auk þess brotþola 300.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Snorra Sturlusonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu verjandans og umfangi málsins 483.600 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði greiði annan sakarkostnað 74.974 krónur.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 60 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiða brotþola, A, 400.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 9. mars 2024 til 25. október 2024 en auk dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Ákærði greiði brotþola 300.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði allan sakarkostnað þ. m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns,
Snorra Sturlusonar lögmanns, 483.600 krónur og annan sakarkostnað 74.974 krónur.

Ingi Tryggvason